

TILSKIPUN Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/883

frá 17. apríl 2019

um móttökuaðstöðu í höfnum til afhendingar úrgangs frá skipum, um breytingu á tilskipun 2010/65/ESB og um niðurfellingu tilskipunar 2000/59/EB

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HABA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Stefna Sambandsins í málefnum hafsins miðar að því að tryggja hátt öryggisstig og umhverfisvernd. Þessu er hægt að ná fram með því að fara að alþjóðasamningum, kóðum og ályktunum á sama tíma og frelsi til siglinga er viðhaldið, eins og kveðið er á um í hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna („UNCLOS“).
- 2) Í heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun nr. 14 er vakin athygli á ógnum af völdum sjávar- og næringarefnaþengunar, eyðingar auðlinda og loftslagsbreytinga sem eru aðallega af manna völdum. Þær ógnir skapa frekara álag á vistkerfin, eins og líffræðilega fjölbreytni og náttúrulega innviði, á sama tíma og þær skapa félagsleg og hagræn hnattræn vandamál, þ.m.t. heilbrigðis-, öryggis- og fjárhagslega áhættu. Sambandið verður að vinna að því að verja sjávartegundir og styðja samfélög sem eru háð hafinu, hvort sem það er vegna atvinnu, auðlinda eða frístunda.
- 3) Í alþjóðasamningnum um varnir gegn mengun frá skipum („MARPOL-samningurinn“) er kveðið á um almennt bann við losun frá skipum á hafi úti, en með honum er einnig haft eftirlit með því við hvaða skilyrði er unnt að losa tiltekna tegundir af úrgangi í sjávarumhverfið. Í MARPOL-samningnum er þess krafist að samningsaðilar tryggi að fullnægjandi móttökuaðstaða sé fyrir hendi í höfnum.
- 4) Sambandið hefur leitast við að innleiða hluta af MARPOL-samningnum með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/59/EB ⁽⁴⁾ með því að fylgja hafnarmiðaðri nálgun. Markmiðið með tilskipun 2000/59/EB er að samrýma hagsmuni snurðalausra flutninga á sjó við verndun sjávarumhverfisins.
- 5) Síðustu tvo áratugi hafa verið gerðar mikilvægar breytingar á MARPOL-samningnum og viðaukum hans þar sem innleiddar hafa verið strangari reglur og bann við losun úrgangs frá skipum á hafi úti.
- 6) Í VI. viðauka við MARPOL-samninginn eru innleiddar reglur um losun fyrir nýja flokka úrgangs, einkum leifar frá hreinsikerfum fyrir útblástursloft, sem samanstanda bæði af sora og frárennslisvatni. Þeir flokkar úrgangs ættu að falla undir gildissvið þessarar tilskipunar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 283, 10.8.2018, bls. 61.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 461, 21.12.2018, bls. 220.

⁽³⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 13. mars 2019 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 9. apríl 2019.

⁽⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/59/EB frá 27. nóvember 2000 um aðstöðu í höfnum til að taka á móti úrgangi skipa og farmleifum (Stjtið. EB L 332, 28.12.2000, bls. 81).

- 7) Aðildarrikin ættu að halda áfram að vinna á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar að gagngerri skoðun á umhverfisáhrifum af losuðu skólpi frá vothreinsibúnaði í opnu ferli, þ.m.t. ráðstafanir til að vinna gegn mögulegum áhrifum.
- 8) Hvetja ætti aðildarrikin til þess að grípa til viðeigandi ráðstafana í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB ⁽⁵⁾, þ.m.t. bann við losun á skólpi frá vothreinsibúnaði í opnu ferli og tilteknum farmleifum í landhelgi þeirra.
- 9) Hinn 1. mars 2018 samþykkti Alþjóðasiglingamálastofnunin endurskoðaðar leiðbeiningar í samsteyptri útgáfu fyrir veitendur og notendur móttökuaðstöðu í höfnum (MEPC.1/umburðarbr. 834/1. leiðrétting) („Leiðbeiningar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar í samsteyptri útgáfu“), sem fela í sér stöðluð snið fyrir tilkynningar um úrgang, kvittun fyrir afhendingu úrgangs og skýrslugjöf um meinta annmarka á móttökuaðstöðu í höfnum, auk krafna um skýrslugjöf um móttökuaðstöðu úrgangs.
- 10) Þrátt fyrir þessa þróun á sviði reglusetningar fer losun úrgangs á hafi úti enn fram sem hefur í för með sér verulegan umhverfislegan, félagslegan og efnahagslegan kostnað. Þetta stafar af ýmsum samverkandi þáttum, einkum þeim að ekki er alltaf fyrir hendi fullnægjandi móttökuaðstaða í höfnum, framfylgd reglugerða er oft á tíðum ófullnægjandi og skortur er á hvatningu til að skila úrgangi í land.
- 11) Tilskipun 2000/59/EB hefur stuðlað að því að meira magn úrgangs hefur verið afhent í móttökuaðstöðu í höfnum, m.a. með því að tryggja að skip taki þátt í kostnaðinum við þá aðstöðu, án tillits til raunverulegrar notkunar þeirra á aðstöðunni, og hefur þetta átt sinn þátt í því að draga úr losun úrgangs á hafi út, eins og kom í ljós í mati þeirrar tilskipunar sem framkvæmt var innan ramma áætlunarinnar um markvissa og skilvirka löggjöf („REFIT-matið“).
- 12) Við REFIT-matið hefur einnig komið fram að tilskipun 2000/59/EB hefur ekki verið að fullu virk vegna ósamræmis við rammaákvæði MARPOL-samningsins. Þar að auki hafa aðildarrikin túlkað lykilhugtökin í þeirri tilskipun á mismunandi hátt, eins og varðandi fullnægjandi aðstöðu, fyrirframtilkynningar um úrgang, skylduafhendingu úrgangs til móttökuaðstöðu í höfnum og undanþágur fyrir skip í áætlunarsiglingum. Í REFIT-matinu kom fram að þörf væri á frekari samræmingu þeirra hugtaka og fullri samhæfingu við MARPOL-samninginn til að komast hjá óþarfa stjórnsýsluálagi fyrir bæði hafnir og notendur hafna.
- 13) Til að aðlaga tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/35/EB ⁽⁶⁾ að viðeigandi ákvæðum MARPOL-samningsins varðandi reglur um losun ætti framkvæmdastjórnin að meta hvort æskilegt sé að endurskoða þá tilskipun, einkum með því að rýmka gildissvið hennar.
- 14) Stefna Sambandsins í málefnum hafsins ætti að miða að öflugri vernd fyrir sjávarumhverfið þar sem tillit er tekið til fjölbreytni hafsvæða í Sambandinu. Hún ætti að byggjast á meginreglunum um að grípa ætti til forvarnaðgerða, að setja ætti í forgang að ráða bót á umhverfistjóni þar sem það á upptök sín og að skylda ætti mengunarvaldinn til að greiða bætur fyrir tjónið.
- 15) Þessi tilskipun ætti að hafa mikla þýðingu fyrir beitingu aðalumhverfislöggjafarinnar og meginreglna í tengslum við hafnir og stjórnun úrgangs frá skipum. Tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2008/56/EB ⁽⁷⁾ og 2008/98/EB ⁽⁸⁾ eru einkum viðeigandi gerningar í þessu sambandi.
- 16) Í tilskipun 2008/98/EB er mælt fyrir um meginreglur fyrir úrgangsstjórnun, þ.m.t. „mengunarbótaregluna“ og úrgangs-metakerfið, þar sem hvatt er til endurnotkunar og endurvinnslu úrgangs í stað annarra forma endurnýtingar og förgunar úrgangs, og krafist uppsetningar kerfa fyrir sérstaka söfnun úrgangs. Auk þess er hugtakið um rýmkaða ábyrgð framleiðanda leiðbeinandi meginregla í lögum Sambandsins um úrgang sem byggist á því að framleiðendur eru ábyrgir fyrir umhverfisáhrifum vara sinna allan vistferil þeirra. Þær skyldur gilda einnig um stjórnun úrgangs frá skipum.

⁽⁵⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum (Stjtið. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1).

⁽⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/35/EB frá 7. september 2005 um mengun sem á upptök sín um borð í skipum og innleiðingu víðurlaga, þ.m.t. refsivíðurlaga sökum mengunarbrota (Stjtið. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 11).

⁽⁷⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/56/EB frá 17. júní 2008 um ramma um aðgerðir Bandalagsins varðandi stefnu í sjávarumhverfismálum (haftilskipunin) (Stjtið. ESB L 164, 25.6.2008, bls. 19).

⁽⁸⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinnar tilskipana (Stjtið. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

- 17) Sérstök söfnun úrgangs frá skipum, þ.m.t. aflögð veiðarfæri, er nauðsynleg til að tryggja frekari endurheimt svo unnt sé að undirbúa úrganginn til endurnotkunar eða endurvinnslu í úrgangsstjórnunarkerðjunni á síðari stigum og til að koma í veg fyrir að dýralíf sjávar og sjávarumhverfið verði fyrir skaða. Úrgangur er oft flokkaður um borð í skipum, í samræmi við alþjóðlegar reglur og viðmið, og lög Sambandsins ættu að tryggja að ekki sé grafið undan þeirri viðleitni að flokka úrgang um borð í skipum vegna skorts á ráðstöfunum fyrir sérstaka söfnun í landi.
- 18) Á hverju ári fer verulegt magn af plasti í höfin í Sambandinu. Þrátt fyrir að meirihluti af sjórusli á flestum hafsvæðum komi frá starfsemi á landi eiga útgerðir á sviði sjóflutninga, þ.m.t. fiskveiði- og fristundageirinn, einnig stóran þátt í losun úrgangs, þ.m.t. plast og yfirgefin veiðarfæri, sem fer beint í hafið.
- 19) Í tilskipun 2008/98/EB eru aðildarríkin hvött til að stöðva myndun rusls í sjó og leggja þannig sitt af mörkum til heims-markmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun til að koma í veg fyrir og draga verulega úr sjávarmengun í öllum myndum.
- 20) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 2. desember 2015, sem ber yfirskriftina „Hringnum lokað – aðgerðaráætlun ESB fyrir hringrásarhagkerfið“, var viðurkennt hið sérstaka hlutverk sem tilskipun 2000/59/EB þurfti að gegna í þessu tilliti, með því að tryggja aðgengi að fullnægjandi aðstöðu fyrir móttöku úrgangs og kveða á um réttu hvatninguna ásamt því að framfylgja afhendingu úrgangs til aðstöðu í landi.
- 21) Stöðvar á hafi úti eru ein af uppsprettum rusls í sjó. Af þessum sökum ættu aðildarríkin að samþykka ráðstafanir, eins og við á, um afhendingu úrgangs frá stöðvum á hafi úti sem starfa undir fána þeirra eða starfa á hafsvæðum þeirra, eða hvort tveggja, og tryggja hlítni við strangar reglur um losun, sem gilda fyrir stöðvar á hafi úti, sem mælt er fyrir um í MARPOL-samningnum.
- 22) Úrgangur, einkum plastúrgangur, frá ám á stóran þátt í myndun rusls í sjó sem felur í sér losun frá skipum í siglingum á skipgengum vatnaleiðum. Þau skip ættu þar af leiðandi að falla undir strangar reglur um losun og afhendingu. Viðkomandi framkvæmdastjórn málefna fljóta mælir fyrir um þær reglur í dag. Hins vegar falla hafnir við vatnaleiðir undir lög Sambandsins um úrgang. Til að halda áfram viðleitninni við að samræma lagarammann fyrir skipgengar vatnaleiðir í Sambandinu er framkvæmdastjórninni boðið að meta regluverk Sambandsins um reglur um losun og afhendingu úrgangs frá skipum í siglingum á skipgengum vatnaleiðum, að teknu tilliti til samningsins frá 9. september 1996 um söfnun, afhendingu og móttöku úrgangs sem verður til við siglingu á Rínarfljóti og skipgengum vatnaleiðum (CDNI).
- 23) Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1224/2009 ⁽⁹⁾ er þess krafist að fiskiskip í Sambandinu hafi búnað um borð til þess að endurheimta töpuð veiðarfæri. Í þeim tilvikum þar sem veiðarfæri hafa tapast á skipstjóri skipsins að reyna að endurheimta þau eins fljótt og auðið er. Ef ekki er unnt að endurheimta töpuðu veiðarfærin á skipstjóri fiskiskipsins að tilkynna yfirvöldum fánaaðildarríkis síns það innan 24 klukkustunda. Fánaaðildarríkið verður síðan að tilkynna það lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins sem strandlengjan tilheyrir. Upplýsingarnar fela í sér ytra auðkennisnúmer og nafn fiskiskipsins, tegund og staðsetningu töpuðu veiðarfæra, auk ráðstafananna sem gerðar voru til að endurheimta þau. Hægt er að veita undanþágu fyrir fiskiskip sem eru undir tólf metrum. Samkvæmt tillögunni að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1224/2009 á skýrslugjöf fiskiskipsins að fara fram í rafrænni skipsdagbók og þess er krafist að aðildarríkin safni og skrái upplýsingarnar varðandi töpuðu veiðarfærin og sendi þær, að fenginni beiðni, til framkvæmdastjórnarinnar. Einnig væri hægt að tilkynna söfnuðu upplýsingarnar um úrgang, sem eru aðgengilegar í kvittunum fyrir afhendingu úrgangs, sem er fangaður af tilviljun í samræmi við þessa tilskipun, á þennan hátt.
- 24) Í samræmi við alþjóðasamninginn um stjórnun og meðhöndlun á kjölfestuvatni skipa og botnfalli í því, sem Alþjóðasiglingamálastofnunin samþykkti 13. febrúar 2004 og öðlaðist gildi 8. september 2017, eru öll skip skuldbundin til að innleiða verklagsreglur um meðhöndlun sjókjölfestu samkvæmt kröfum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar og þess er krafist að hafnir og búlkastöðvar, sem tilgreindar eru til að hreinsa og sjá um viðhald á sjókjölfestutönkum, veiti fullnægjandi aðstöðu fyrir viðtöku botnfalls.

⁽⁹⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1224/2009 frá 20. nóvember 2009 um að koma á fót eftirlitskerfi í Sambandinu til að tryggja að farið sé að reglum sameiginlegra sjávarútvegsstefnunnar, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 847/96, (EB) nr. 2371/2002, (EB) nr. 811/2004, (EB) nr. 768/2005, (EB) nr. 2115/2005, (EB) nr. 2166/2005, (EB) nr. 388/2006, (EB) nr. 509/2007, (EB) nr. 676/2007, (EB) nr. 1098/2007, (EB) nr. 1300/2008, (EB) nr. 1342/2008 og um niðurfellingu á reglugerðum (EBE) nr. 2847/93, (EB) nr. 1627/94 og (EB) nr. 1966/2006 (Stjtið. ESB L 343, 22.12.2009, bls. 1).

- 25) Móttökuaðstaða í höfn telst vera fullnægjandi ef hún uppfyllir þjónustuþarfir skipanna, sem jafnan hafa viðkomu í höfninni, án þess að valda ótilhlýðilegum töfum, eins og einnig er tilgreint í leiðbeiningum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar í samsteyptri útgáfu og í leiðbeiningum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um að tryggja fullnægjandi móttökuaðstöðu fyrir úrgang í höfnum (ályktun MEPC.83(44)). Hugtakið „fullnægjandi“ tengist annars vegar rekstrarskilyrðum aðstöðunnar í ljósi þarfa notandans og hins vegar umhverfisstjórnun aðstöðunnar í samræmi við lög Sambandsins um úrgang. Í sumum tilvikum gæti verið erfitt að meta hvort móttökuaðstaða í höfn, sem er staðsett utan Sambandsins, uppfylli slíka kröfu.
- 26) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 ⁽¹⁰⁾ er þess krafist að alþjóðlegur eldhúsúrgangur verði brenndur eða honum fargað með urðun á viðurkenndum urðunarstað, þ.m.t. úrgangur frá skipum sem koma til hafna í Sambandinu og sem hafa hugsanlega komist í snertingu við aukaafurðir úr dýrum um borð. Til að þessi krafa takmarki ekki undirbúninginn fyrir endurnotkun og endurvinnslu úrgangs frá skipum ætti að leitast við, í samræmi við leiðbeiningar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar í samsteyptri útgáfu, að flokka úrganginn betur svo hægt sé að komast hjá hugsanlegri mengun úrgangs, eins og umbúðaúrgangs.
- 27) Eins og ákvarðað er í reglugerð (EB) nr. 1069/2009, í tengslum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ⁽¹¹⁾, teljast siglingar innan Sambandsins ekki vera alþjóðleg flutningastarfsemi og ekki þarf að brenna eldhúsúrgang sem fellur til við þær siglingar. Hins vegar teljast slíkar siglingar innan Sambandsins vera millilandasiglingar samkvæmt alþjóðlegu siglingalöggjöfinni (MARPOL-samningnum og alþjóðasamningnum um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS)). Til að tryggja samræmi í lögum Sambandsins ætti að fylgja skilgreiningunum í reglugerð (EB) nr. 1069/2009 við ákvörðun á gildissviði og meðhöndlun alþjóðlegs eldhúsúrgangs samkvæmt þessari tilskipun í tengslum við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.
- 28) Til að tryggja fullnægjandi móttökuaðstöðu í höfnum er nauðsynlegt að þróa, framkvæma og endurmeta áætlun um mótöku og meðhöndlun úrgangs á grundvelli samráðs við alla viðkomandi aðila. Af ástæðum er varða hagkvæmni og skipulag gætu nágrannahafnir á sama landsvæði haft ávinning af því að þróa sameiginlega áætlun sem nær yfir aðgengi að móttökuaðstöðu í hverri höfn, sem fellur undir þá áætlun, á sama tíma og skapaður er sameiginlegur stjórnsýsluramma.
- 29) Það getur verið krefjandi fyrir litlar hafnir, sem ekki eru reknar í atvinnuskyni, eins og svæði sem bjóða upp á festarþjónustu og smábátahafnir þar sem umferð er lítil, sem felur einungis í sér umferð skemmtibáta eða báta sem eru aðeins í notkun hluta úr árinu, að samþykka og hafa eftirlit með áætlunum um mótöku og meðhöndlun úrgangs. Kerfi til að stjórna heimilis- og rekstrarúrgangi sér yfirleitt um að meðhöndla úrgang frá þeim litlu höfnum í samræmi við meginreglurnar sem settar eru fram í tilskipun 2008/98/EB. Til að íþyngja ekki staðaryfirvöldum og til að auðvelda úrgangsstjórnun í svona litlum höfnum ætti að vera nóg að úrgangur frá slíkum höfnum sé innifalinn í heimilis- og rekstrarúrgangsstraumnum og stjórnað í samræmi við það, að höfnin geri upplýsingar varðandi mótöku úrgangs aðgengilegar fyrir notendur hafna og að undanþegnar hafnir séu skráðar í rafrænt kerfi til að unnt sé að viðhafa eins lítið eftirlit og auðið er.
- 30) Til að bregðast við vandamálinu varðandi rusl í sjó á áhrifaríkan hátt er mikilvægt að veita rétta hvatningu fyrir afhendingu úrgangs til móttökuaðstöðu í höfnum, einkum úrgangs eins og hann er skilgreindur er í V. viðauka við MARPOL-samninginn („úrgangur sem fellur undir V. viðauka við MARPOL-samninginn“). Hægt er að ná því fram með endurheimtukerfi kostnaðar sem krefst greiðslu óbeins gjalds. Greiða ætti óbeina gjaldið án tillits til afhendingar úrgangs og ætti það að veita rétt til afhendingar úrgangsins án nokkurra beinna aukagjalda. Einnig ætti að leggja óbeina gjaldið á fiskveiði- og fristundageirann þar sem hann á sinn þátt í því að dreifa rusli í sjó. Ef skip afhendir óvenjulega mikið magn af úrgangi, sem fellur undir V. viðauka við MARPOL-samninginn, einkum rekstrarúrgangi, sem fer yfir sérhæft hámarksgeymslurými, eins og fram kemur á eyðublaðinu þar sem tilkynnt er fyrir fram um afhendingu úrgangs, ætti þó að vera hægt að innheimta beint aukagjald til að tryggja að kostnaðurinn í tengslum við að taka á móti þessu óvenjulega mikla magni úrgangs valdi ekki óhóflegri byrði á endurheimtukerfi kostnaðar í höfnum. Þetta gæti einnig átt við þar sem tilgreint, sérhæft geymslurými er óþarflega stórt eða óhagkvæmt.

⁽¹⁰⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum) (Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1).

⁽¹¹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjtið ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1).

- 31) Í tilteknum aðildarríkjum hefur verið innleitt kerfi til að bjóða upp á annars konar fyrirkomulag til að standa straum af kostnaði við að safna og meðhöndla veiðarfæraúrgang og úrgang, sem er fangaður af tilviljun, í landi, þ.m.t. „kerfi sem miðar að því að veiða úrgang“. Taka ætti slíkum framtaksverkefnum opnum örmum og hvetja ætti aðildarríkin til að bæta endurheimtakerfum kostnaðar, sem sett eru upp í samræmi við þessa tilskipun, við kerfið sem miðar að því að veiða úrgang til að standa straum af kostnaðinum í tengslum við úrgang sem er fangaður af tilviljun. Sem slík ættu þau endurheimtakerfi kostnaðar sem byggjast á notkun 100% óbeins gjalds fyrir úrgang, sem fellur undir V. viðauka við MARPOL-samninginn, að undanskildum farmleifum, ekki að letja samfélög fiskveiðihafna til að taka þátt í núverandi afhendingarkerfum fyrir úrgang sem er fangaður af tilviljun.
- 32) Lækka ætti gjöld fyrir skip, sem eru hönnuð, útbúin eða starfrækt til þess að lágmarka úrgang, í samræmi við tiltekin viðmið sem framkvæmdarvaldið, sem falið er framkvæmdastjórninni, á að útfæra í samræmi við leiðbeiningar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um framkvæmd V. viðauka við MARPOL-samninginn og staðlana sem Alþjóðlegu staðla-samtökin hafa þróað. Minnkun úrgangs og skilvirkari endurvinnsla fæst fyrst og fremst með áhrifaríkari flokkun úrgangs um borð í samræmi við þær leiðbeiningar og staðla.
- 33) Samkvæmt núverandi kerfi standa aðilar, sem annast flutninga á stuttum sjóleiðum, frammi fyrir, vegna siglingamynsturs síns sem einkennist af tíðri viðkomu í höfnum, umtalsverðum kostnaði við afhendingu úrgangs til móttökuaðstöðu í höfnum þar sem þeir þurfa að greiða gjald við hverja einustu viðkomu í höfn. Jafnframt því eru flutningar á stuttum sjóleiðum ekki nægilega reglubundnir til að hljóta undanþágu frá greiðslu fyrir og afhendingu úrgangs. Innheimta ætti lægra gjald af skipum, sem byggist á tegund flutninga sem þau annast, til að takmarka fjárhagslega byrði á geirann.
- 34) Farmleifar verða áfram eign farmeigandans að lokinni losun farmsins í búlkastöðinni og gætu skilað arði. Af þessum sökum ætti endurheimtakerfi kostnaðar og beiting óbeins gjalds ekki að taka til farmleifa. Notandi móttökuaðstöðu í höfnum ætti að greiða gjöldin fyrir afhendingu farmleifa, eins og tilgreint er í samningsbundnu fyrirkomulagi á milli viðkomandi aðila eða í öðru staðbundnu samkomulagi. Farmleifar taka einnig til leifa af oliukenndum eða skaðlegum fljótandi farmi eftir hreinsunaraðgerðir, sem reglurnar um losun í I. og II. viðauka við MARPOL-samninginn gilda um, og við tiltekin skilyrði, eins og sett er fram í þeim viðaukum, þarf ekki að afhenda þær í höfnum til að forðast óþarfa rekstrarkostnað fyrir skip og öngþveiti í höfnum.
- 35) Aðildarríki ættu að hvetja til afhendingar skolvatnsleifa úr tönkum, sem innihalda fljótandi efni með mikla seigju, hugsanlega með viðeigandi fjárhagslegum hvata.
- 36) Innan gildissviðs reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/352 ⁽¹²⁾ tekur þjónustan til veitingar móttökuaðstöðu í höfnum. Reglugerðin felur í sér reglur um gagnsæi gjaldtökufyrirkomulagsins í tengslum við notkun hafnarþjónustu, samráð notenda hafna og meðferð kvartana. Þessi tilskipun nær út fyrir þann ramma sem sú reglugerð skapar, með því að gera ítarlegri kröfur til hönnunar og stjórnunar endurheimtakerfa kostnaðar fyrir móttökuaðstöðu í höfnum fyrir úrgang frá skipum og gagnsæis kostnaðarsamsetningarinnar.
- 37) Til viðbótar við að hvetja til afhendingar úrgangs er mest um vert að tryggja skilvirka framfylgd skyldunnar um að afhenda úrgang sem ætti að byggjast á áhættumiðaðri nálgun þar sem ákvarða ætti áhættumiðaða tilhögun við val í Sambandinu.
- 38) Eitt af því sem helst stendur í vegi fyrir skilvirkri framfylgd skyldunnar til að afhenda úrgang hefur verið mismunandi túlkun og beiting undantekningarinnar meðal aðildarríkjanna sem byggist á nægilegu geymslurými. Til að forðast að beiting þessarar undantekningar grafi undan meginmarkmiði þessarar tilskipunar ætti að tilgreina hana nánar, einkum með tilliti til næstu viðkomuhafnar og ákvarða ætti nægilegt geymslurými á samræmdan hátt sem byggist á sameiginlegum aðferðum og viðmiðunum. Í tilvikum þar sem erfitt er að skera úr um hvort fyrir hendi sé fullnægjandi móttökuaðstaða í höfnum utan Sambandsins er mikilvægt að lögbær yfirvöld ihugi vandlega beitingu undantekningarinnar.

⁽¹²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/352 frá 15. febrúar 2017 um að setja ramma um veitingu hafnarþjónustu og um sameiginlegar reglur um gagnsæi í fjármálum fyrir hafnir (Stjtið. ESB L 57, 3.3.2017, bls. 1).

- 39) Nauðsynlegt er að samræma frekar fyrirkomulagið fyrir undanþágur fyrir skip í áætlunarsiglingum með tíðum og reglulegum viðkomum í höfnum, einkum að útskýra nánar skilmálana, sem notaðir eru, og skilyrðin fyrir þeim undanþágum. REFIT-matið og mat á áhrifum hafa leitt í ljós að skortur á samræmingu skilyrðanna og beitingu undanþáganna hefur haft í för með sér ónauðsynlega stjórnsýslubyrði fyrir skip og hafnir.
- 40) Auðvelda ætti eftirlit og framfylgd með því að nota kerfi sem byggist á rafrænni skýrslugjöf og upplýsingaskiptum. Í þessu skyni ætti að þróa frekar fyrirliggjandi upplýsinga- og eftirlitskerfi, sem komið var á samkvæmt tilskipun 2000/59/EB, og starfrækja það áfram á grundvelli fyrirliggjandi rafrænna gagnakerfa, einkum rafræna tilkynningakerfisins í Sambandinu um skipakomur (SafeSeaNet-kerfið), sem komið var á með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB ⁽¹³⁾, og skoðunargagnagrunnsins (gagnagrunnur ESB yfir hafnarrikiseftirlitsskoðun (THETIS)) sem komið var á með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/16/EB ⁽¹⁴⁾. Slíkt kerfi ætti einnig að fela í sér upplýsingar um móttökuaðstöðu sem er fyrir hendi í mismunandi höfnum.
- 41) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/65/ESB ⁽¹⁵⁾ eru stjórnsýslumeðferðarreglur fyrir flutninga á sjó einfaldaðar og samræmdar með því að gera rafræna sendingu upplýsinga almennari og einfalda formsatriði við skýrslugjöf. Í Valletta-yfirlýsingunni um forgangsroðun í stefnu Evrópusambandsins í sjóflutningum til 2020, sem ráðið samþykkti í ályktun sinni frá 8. júní 2017, er framkvæmdastjórnin hvött til að leggja til viðeigandi eftirfylgni við endurskoðun þeirrar tilskipunar. Framkvæmdastjórnin hafði samráð við almenning um formsatriði við skýrslugjöf að því er varðar skip frá 25. október 2017 til 18. janúar 2018. Hinn 17. maí 2018 sendi framkvæmdastjórnin Evrópuþinginu og ráðinu tillögu að reglugerð til að koma á sameiginlegri gátt fyrir siglingar í Evrópu og um niðurfellingu á tilskipun 2010/65/ESB.
- 42) Í MARPOL-samningnum er þess krafist að samningsaðilarnir viðhaldi upplýsingum um móttökuaðstöðu sína í höfnum uppfærðum og sendi Alþjóðasiglingamálastofnuninni þessar upplýsingar. Í þessu skyni hefur Alþjóðasiglingamálastofnunin sett upp gagnagrunn fyrir móttökuaðstöðu í höfnum innan heildarkerfis um siglingatengdar upplýsingar (hér á eftir nefnt „GISIS-kerfið“).
- 43) Í leiðbeiningum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar í samsteyptri útgáfu kveður Alþjóðasiglingamálastofnunin á um skýrslugjöf um meinta annmarka á móttökuaðstöðu í höfnum. Samkvæmt þeirri verklagsreglu ætti skip að tilkynna slíka annmarka til stjórnvalds fánarikisins sem síðan á að tilkynna Alþjóðasiglingamálastofnuninni og hafnarrikinu um atvikið. Hafnarrikið ætti að gaumgæfa skýrsluna og bregðast við á réttan hátt auk þess að láta Alþjóðasiglingamálastofnunina og skýrslugjafaríkið vita. Ef þessar upplýsingar um meinta annmarka eru tilkynntar beint til upplýsinga-, eftirlits- og framfylgdarkerfisins, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, væri hægt að senda þessar upplýsingar síðar í GISIS-kerfið þar sem aðildarríki í hlutverki fána- og hafnarriksja eru leyst undan skýrslugjafarskyldum sínum gagnvart Alþjóðasiglingamálastofnunni.
- 44) Undirhópurinn fyrir móttökuaðstöðu í höfnum, sem var settur saman innan ramma evrópska samstarfsvettvangsins um sjálfbæra sjóflutninga og þar sem saman voru komnir ýmsir sérfræðingar á sviði mengunar sem á upptök sín um borð í skipum og stjórnunar úrgangs frá skipum, var leystur upp í desember 2017 þegar samningaviðræður milli stofnana hófust. Þar eð sá undirhópur veitti framkvæmdastjórninni gagnlegar leiðbeiningar og sérfræðiþekkingu væri æskilegt að setja saman svipaðan sérfræðingahóp með umboð til að miðla reynslu um framkvæmd þessarar tilskipunar.
- 45) Mikilvægt er að hvers konar viðurlögum, sem aðildarríkin mæla fyrir um, sé beitt á tilhlýðilegan hátt og að þau séu skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafi varnaðaráhrif.
- 46) Góð vinnuskilyrði fyrir starfsfólk, sem vinnur í móttökuaðstöðu í höfnum, eru afar mikilvæg til að skapa öruggan, skilvirkan og félagslega ábyrgan siglingageira sem getur laðað til sín hæft starfsfólk og tryggt jöfn samkeppnisskilyrði um alla Evrópu. Grunnþjálfun og reglubundin þjálfun starfsfólks er nauðsynleg til að tryggja gæði þjónustunnar og verndun starfsmannanna. Hafnaryfirvöld og yfirvöld móttökustöðva í höfnum ættu að tryggja að allt starfsfólk fái nauðsynlega þjálfun til að öðlast nauðsynlega þekkingu til að sinna störfum sínum, þar sem sérstök áhersla er lögð á heilbrigðis- og öryggisþætti varðandi meðhöndlun hættulegra efna, og að þjálfunarkröfur séu reglulega uppfærðar til að mæta áskorunum í tengslum við tækninýjungar.

⁽¹³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB frá 27. júní 2002 um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis Bandalagsins fyrir umferð á sjó og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/75/EBE (Stjtið. EB L 208, 5.8.2002, bls. 10).

⁽¹⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/16/EB frá 23. apríl 2009 um hafnarrikiseftirlit (Stjtið. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 57).

⁽¹⁵⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/65/ESB frá 20. október 2010 um formsatriði við skýrslugjöf að því er varðar skip sem koma í og/eða láta úr höfn í aðildarríkjum og um niðurfellingu á tilskipun 2002/6/EB (Stjtið. ESB L 283, 29.10.2010, bls. 1).

- 47) Uppfæra ætti valdheimildirnar, sem framkvæmdastjórninni eru veittar, til að koma tilskipun 2000/59/EB í framkvæmd í samræmi við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins (SUSE).
- 48) Fela ætti framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar breytingar á viðaukunum við þessa tilskipun og tilvísanirnar í alþjóðlega gerninga að því marki sem nauðsynlegt er til að færa þær til samræmis við lög Sambandsins eða til að taka tillit til þróunar á alþjóðavettvangi, einkum á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar. Breyta ætti viðaukunum við þessa tilskipun þegar það er nauðsynlegt til að bæta framkvæmd og fyrirkomulag eftirlits, sem komið er á, einkum í tengslum við skilvirka tilkynningu um og afhendingu úrgangs og rétta beitingu undanþága. Þar að auki ætti í undantekningartilvikum, sem eru tilhlýðilega rökstudd með viðeigandi greiningu framkvæmdastjórnarinnar, og til að koma í veg fyrir alvarlega og óásættanlega hættu fyrir sjávarumhverfið, að breyta þessari tilskipun, eftir því sem þurfa þykir, til að forðast slíka hættu og til að koma í veg fyrir, ef þörf krefur, að breytingar á þeim alþjóðlegu gerningum gildi fyrir þessa tilskipun. Einkar mikilvægt er að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana um betri laga-setningu frá 13. apríl 2016 ⁽¹⁶⁾. Einkum, í því skyni að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða, fá Evrópuþingið og ráðið öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna og hafa sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða.
- 49) Fela ætti framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að kveða á um aðferðirnar fyrir útreikninga á nægilegu, sérhæfðu geymslurými, til að þróa sameiginlegar viðmiðanir til að viðurkenna, í þeim tilgangi að lækka úrgangsgjöld fyrir skip, að hönnun skips, búnaður og rekstur þess sýni fram á að það framleiði minna magn af úrgangi og stjórni úrgangi sínum á sjálfbæran og umhverfisvænan hátt, til að skilgreina aðferðir fyrir vöktunargögn varðandi umfang og magn úrgangs, sem er fangaður af tilviljun, og snið fyrir skýrslugjöf og til að skilgreina ítarlega þætti í áhættumiðaðri tilhögun við val í Sambandinu. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ⁽¹⁷⁾.
- 50) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að vernda sjávarumhverfið gegn losun úrgangs á hafi úti, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs aðgerðarinnar, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhöfsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.
- 51) Sambandið einkennist af svæðisbundnum mismun á hafnarstigi, eins og einnig var sýnt fram á í svæðisbundna áhrifa-matinu sem framkvæmdastjórnin framkvæmdi. Hafnir eru mismunandi eftir landfræðilegri staðsetningu, stærð, stjórn-sýsluskipulagi og eignarhaldi, og einkennast af tegund skipa sem venjulega hafa viðkomu. Auk þess endurspeglar úrgangsstjórnunarkerfi mismuninn á vettvangi sveitarfélaga og undirliggjandi grunnvirki úrgangsstjórnunar á síðari stigum.
- 52) Í 349. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er þess krafist að sérstakt tillit sé tekið til sérstakra einkenna ystu svæða Sambandsins, þ.e. Gvadelúpeyja, Frönsku Gvæjana, Martiník, Mayotte, Réunion, Sankti Martin, Asoreyja, Madeira og Kanaríeyja. Til að tryggja að fyrir hendi sé fullnægjandi móttökuaðstaða í höfnum gæti verið viðeigandi fyrir aðildarríki að gera svæðisbundna rekstraraðstoð aðgengilega fyrir rekstraraðila móttökuaðstöðu í höfnum eða hafnaryfirvöld á þeim svæðum í Sambandinu til að bregðast við áhrifunum af varanlegu annmörkunum sem um getur í þeirri grein. Svæðis-bundin rekstraraðstoð, sem aðildarríkin gera aðgengilega í því samhengi, er undanþegin tilkynningaskyldunni, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, ef hún uppfyllir, á þeim tíma sem hún er veitt, skilyrðin, sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 ⁽¹⁸⁾, sem voru samþykkt samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 994/98 ⁽¹⁹⁾.
- 53) Því ætti að fella tilskipun 2000/59/EB úr gildi.

⁽¹⁶⁾ Stjtið. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

⁽¹⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

⁽¹⁸⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans (Stjtið. ESB L 187, 26.6.2014, bls. 1).

⁽¹⁹⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 994/98 frá 7. maí 1998 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart tilteknum flokkum þverlægrar ríkisaðstoðar (Stjtið. EB L 142, 14.5.1998, bls. 1).

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. þáttur

Almenn ákvæði*1. gr.***Efni**

Markmiðið með þessari tilskipun er að vernda sjávarumhverfið gegn neikvæðum áhrifum af losun úrgangs frá skipum sem nota hafnir í Sambandinu ásamt því að tryggja að skipaumferð gangi snurðulaust fyrir sig með því að bæta aðgengi að og notkun fullnægjandi móttökuaðstöðu í höfnum og afhendingu úrgangs til þeirrar aðstöðu.

*2. gr.***Skilgreiningar**

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „skip“: sérhver tegund hafskips sem er starfrækt í sjávarumhverfi, þ.m.t. fiskiskip, skemmtibátar, spaðabátar, svfnökkvar, sökkvanleg för og fljótandi för,
- 2) „MARPOL-samningurinn“: alþjóðasamningur um varnir gegn mengun frá skipum í uppfærðri útgáfu,
- 3) „úrgangur frá skipum“: allur úrgangur, þ.m.t. farmleifar, sem fellur til við starfrækslu skips eða við lestun, losun og hreinsun og sem fellur undir gildissvið I., II., IV., V. og VI. viðauka við MARPOL-samninginn, auk úrgangs sem er fangaður af tilviljun,
- 4) „úrgangur fangaður af tilviljun“: úrgangur sem safnast í net við fiskveiðar,
- 5) „farmleifar“: leifar hvers konar farms um borð, á þilfarinu eða í lestum eða tönkum, sem verða eftir að lokinni lestun og losun, þ.m.t. umframmagn og leki við lestun eða losun, hvort sem þær eru þurrar eða blautar eða hluti af þvottavatninu, að undanskildu farmryki, sem verður eftir á þilfarinu að lokinni hreinsun, eða ryki á ytra yfirborði skipsins,
- 6) „móttökuaðstaða í höfnum“: hvers konar aðstaða sem er föst, fljótandi eða hreyfanleg og sem getur veitt þá þjónustu að taka á móti úrgangi frá skipum,
- 7) „fiskiskip“: öll skip sem eru útbúin eða notuð í atvinnuskyni til að veiða fisk eða annað lifandi sjávarfang,
- 8) „skemmtibátur“: sérhver tegund skips þar sem lengd bolsins er 2,5 metrar eða meira, óháð knúningsmáta, ætlað til íþróttar eða tómstunda og sem ekki er nýtt í atvinnuskyni,
- 9) „höfn“: staður eða landsvæði, þar sem gerðar hafa verið endurbætur á mannvirkjum og aðstöðu, sem er einkum hannað til að taka á móti skipum, þ.m.t. akkerislægið innan lögsögu hafnarinnar,
- 10) „nægilegt geymslurými“: nóg rými um borð til að geyma úrganginn frá brottför þar til skipið kemur til næstu hafnar, þ.m.t. úrganginn sem líklegt er að falli til meðan skipið er á siglingu,

- 11) „áætlunarsiglingar“: siglingar sem byggjast á birtri eða skipulagðri skrá yfir komu- og brottfarartíma skipa í tilgreindum höfnum eða endurteknar ferðir sem fela í sér viðurkennda áætlun,
- 12) „regluleg viðkoma í höfn“: endurteknar siglingar sama skipsins sem fela í sér fast siglingamynstur milli tilgreindra hafna eða siglingar til og frá sömu höfn án viðkomu á öðrum stöðum,
- 13) „tíð viðkoma í höfn“: koma skips til sömu hafnar a.m.k. einu sinni á tveggja vikna fresti,
- 14) „GISIS-kerfið“: heildarkerfi um siglingatengdar upplýsingar sem Alþjóðasiglingamálastofnunin setti upp,
- 15) „meðhöndlun“: endurnýtingar- eða förgunaraðgerðir, þ.m.t. undirbúningur fyrir endurnýtingu eða förgun,
- 16) „óbeint gjald“: gjald sem greitt er fyrir veitingu þjónustu í móttökuaðstöðu í höfn, án tillits til raunverulegrar afhendingar úrgangs frá skipum.

„Úrgangur frá skipum“, sem um getur í 3. lið, telst vera úrgangur í skilningi 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

3. gr.

Gildissvið

1. Tilskipun þessi gildir um:

- a) öll skip, sem hafa viðkomu í eða eru starfrækt í höfn aðildarríkis, án tillits til þess undir hvaða fána þau sigla, að undanskildum skipum sem nota hafnarþjónustu í skilningi 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/352, og að undanskildum hvers konar herskipum, hjálparskipum í flota eða öðrum skipum í ríkiseign eða ríkisrekstri sem eru um stundarsakir einungis nýtt í þágu hins opinbera en þó ekki í atvinnuskyni,
- b) allar hafnir í aðildarríkjunum þar sem skip, sem falla undir gildissvið a-liðar, hafa almennt viðkomu.

Að því er varðar þessa tilskipun og til að forðast ótilhlýðilegar tafir fyrir skip geta aðildarríkin ákveðið að undanskilja akkerislægið frá því svæði sem fellur undir hafnir þeirra að því er varðar beitingu 6., 7. og 8. gr.

2. Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til að tryggja, þar sem það er mögulega hægt, að skip, sem falla ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar, afhendi úrgang sinn í samræmi við þessa tilskipun.

3. Aðildarríkjum, sem hafa hvorki hafnir né skip sem sigla undir þeirra fána, sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar, er heimilt, að undanskilinni skyldunni sem sett er fram í þriðju undirgrein þessarar málsgreinar, að víkja frá ákvæðum þessarar tilskipunar.

Aðildarríkjum, sem hafa ekki hafnir sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar, er heimilt að víkja frá ákvæðum þessarar tilskipunar sem eingöngu varða hafnir.

Þau aðildarríki sem ætla að notfæra sér undanþágurnar, sem settar eru fram í þessari málsgrein, skulu tilkynna framkvæmdastjórninni, eigi síðar en 28. júní 2021, hvort viðeigandi skilyrði hafi verið uppfyllt og upplýsa framkvæmdastjórnina árlega eftir það um allar síðari breytingar. Þar til slík aðildarríki hafa lögleitt og hrint þessari tilskipun í framkvæmd er þeim ekki heimilt að hafa hafnir, sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar, og þeim er ekki heimilt að leyfa skipum, þ.m.t. förum, sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar, að sigla undir sínum fána.

2. þáttur

Veiting fullnægjandi móttökuaðstöðu í höfnum

4. gr.

Móttökuaðstaða í höfnum

1. Aðildarríkin skulu tryggja að í höfn sé fullnægjandi móttökuaðstaða til að uppfylla þjónustufarfar skipanna sem jafnan hafa viðkomu í höfninni, án þess að valda skipum ótilhlýðilegum töfum.
2. Aðildarríkin skulu tryggja að:
 - a) móttökuaðstaðan geti tekið við þeim tegundum og því magni úrgangs frá skipum sem jafnan nota viðkomandi höfn, að teknu tilliti til:
 - i. rekstrarlegra þarfa notenda hafnarinnar,
 - ii. stærðar hafnarinnar og landfræðilegrar staðsetningar hennar,
 - iii. tegundar skipa sem hafa viðkomu í höfninni og
 - iv. þeirra undanþága sem kveðið er á um í 9. gr.,
 - b) formsatriðin og hagnýta fyrirkomulagið varðandi notkun móttökuaðstöðu í höfnum sé einfalt og hraðvirk til að forðast ótilhlýðilegar tafir fyrir skip,
 - c) gjaldið, sem innheimt er fyrir að taka á móti úrgangi, letji ekki skipin til að nota móttökuaðstöðu í höfnum og
 - d) móttökuaðstaða í höfnum geri kleift að stjórna úrgangi frá skipum á umhverfissvænan hátt í samræmi við tilskipun 2008/98/EB og önnur viðeigandi lög Sambandsins og landsbundin lög um úrgang.

Að því er varðar d-lið fyrstu undirgreinar skulu aðildarríkin tryggja aðgreinda söfnun til að auðvelda endurnotkun og endurvinnslu úrgangs frá skipum í höfnum, eins og krafist er samkvæmt lögum Sambandsins um úrgang, einkum í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB ⁽²⁰⁾, tilskipun 2008/98/EB og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB ⁽²¹⁾. Til að auðvelda þetta ferli er heimilt í móttökuaðstöðu í höfnum að safna saman aðgreindum hluta úrgangs í samræmi við flokka úrgangs sem skilgreindir eru í MARPOL-samningnum, að teknu tilliti til viðmiðunarreglna hans.

Ákvæði d-liðar fyrstu undirgreinar skulu gilda með fyrirvara um strangari kröfur, eins og kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 1069/2009 varðandi stjórnun eldhússúrgangs frá millilandaflutningum.

3. Aðildarríkin skulu, í hlutverki sínu sem fánaríki, nota eyðublöð og verklagsreglur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar til að láta Alþjóðasiglingamálastofnunina og yfirvöld hafnaríkisins vita um meinta annmarka á móttökuaðstöðu í höfnum.

Aðildarríkin skulu, í hlutverki sínu sem hafnaríki, rannsaka öll skráð tilvik um meinta annmarka og nota eyðublöð og verklagsreglur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar til að láta Alþjóðasiglingamálastofnunina og skýrslugjafarfánaríkið vita um niðurstöður rannsóknarinnar.

4. Viðkomandi hafnaryfirvöld eða, að öðrum kosti, viðeigandi yfirvöld skulu tryggja að gerðar verði fullnægjandi öryggisráðstafanir við afhendingu eða móttöku úrgangs til að afstýra hættu fyrir einstaklinga og umhverfi hafna sem falla undir þessa tilskipun.

5. Aðildarríkin skulu tryggja að allir þeir sem koma að afhendingu eða móttöku úrgangs frá skipum geti krafist skaðabóta vegna tjóns af völdum ótilhlýðlegra tafa.

⁽²⁰⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB frá 6. september 2006 um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma og um niðurfellingu tilskipunar 91/157/EBE (Stjtið. ESB L 266, 26.9.2006, bls. 1).

⁽²¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB frá 4. júlí 2012 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang (Stjtið. ESB L 197, 24.7.2012, bls. 38).

5. gr.

Áætlanir um móttöku og meðhöndlun úrgangs

1. Aðildarríkin skulu tryggja að viðeigandi áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs sé fyrir hendi og að henni hafi verið hrint í framkvæmd fyrir allar hafnir í kjölfar yfirstandandi samráðs við hlutaðeigandi aðila, þ.m.t. einkum notendur hafna eða fulltrúa þeirra og, eftir því sem við á, lögbær staðaryfirvöld, rekstraraðila móttökuaðstöðu í höfnum, stofnanir sem annast skuld-bindingar varðandi rýmkaða ábyrgð framleiðandans og fulltrúa borgaralegs samfélags. Samráðið ætti að fara fram bæði á meðan unnið er að gerð frumdraga að áætluninni um móttöku og meðhöndlun úrgangs og að lokinni samþykkt hennar, einkum þegar mikilvægar breytingar hafa verið gerðar, með tilliti til krafna í 4., 6. og 7. gr.

Nákvæmar kröfur, sem settar eru fram í 1. viðauka, varðandi hvernig standa eigi að gerð áætlunar um móttöku og meðhöndlun úrgangs.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að eftirfarandi upplýsingar í áætluninni um móttöku og meðhöndlun úrgangs um aðgengi að fullnægjandi móttökuaðstöðu í höfnum þeirra og samsetning kostnaðar séu tilkynntar rekstraraðila skipsins á skilmerkilegan hátt og gerðar aðgengilegar öllum á opinberu tungumáli aðildarríkisins þar sem höfnin er staðsett og, ef við á, á tungumáli sem notað er á alþjóðavísu:

- a) staðsetning móttökuaðstöðu í höfnum fyrir hvert legupláss og, ef við á, afgreiðslutíma þeirra,
- b) skrá yfir úrgang frá skipum sem er venjulega meðhöndlaður í höfninni,
- c) skrá yfir tengiliði, rekstraraðila móttökuaðstöðu í höfnum og þjónustuna sem er í boði,
- d) lýsing á verklagsreglum um afhendingu úrgangs,
- e) lýsing á endurheimtakerfi kostnaðar, þ.m.t. úrgangsstjórnunarkerfum og sjóðum, eins og um getur í 4. viðauka, eftir því sem við á.

Upplýsingarnar, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, skulu einnig gerðar tiltækar á rafrænu formi og þeim haldið uppfærðum í þeim hluta upplýsinga-, eftirlits- og framfylgdarkerfisins sem um getur í 13. gr.

3. Þegar það er nauðsynlegt, af ástæðum er varða skilvirkni, er mögulegt að tvær eða fleiri nærliggjandi hafnir á sama landsvæði vinni í sameiningu að gerð áætlana um móttöku og meðhöndlun úrgangs með viðeigandi þátttöku hverrar hafnar, að því tilskildu að þörfin á og aðgengi að móttökuaðstöðu í höfnum sé tilgreind fyrir hverja höfn.

4. Aðildarríkin skulu leggja mat á og samþykka áætlunina um móttöku og meðhöndlun úrgangs og tryggja að samþykkið sé endurnýjað á a.m.k. fimm ára fresti eftir að hún hefur verið samþykkt eða samþykkið verið endurnýjað og eftir að meiri háttar breytingar á rekstri hafnarinnar hafa átt sér stað. Þær breytingar gætu falið í sér skipulagsbreytingar á skipaumferð til hafnarinnar, þróun nýrra grunnvirkja, breytingar á framboði á og eftirspurn eftir móttökuaðstöðu í höfnum og nýja meðhöndlunartækni um borð.

Aðildarríkin skulu hafa eftirlit með framkvæmd hafnarinnar varðandi áætlunina um móttöku og meðhöndlun úrgangs. Ef engar mikilvægar breytingar hafa átt sér stað, á fimm ára tímabilinu sem um getur í fyrstu undirgreininni, gæti endurnýjun á samþykki falið í sér fullgildingu fyrirbyggjandi áætlana.

5. Einungis er unnt að undanþiggja litlar hafnir, sem ekki eru reknar í atvinnuskyni og einkennast af dreifðri eða lítilli umferð skemmtibáta, 1.–4. mgr. ef móttökuaðstaða þeirra í höfnum er samþætt úrgangsstjórnunarkerfinu í viðkomandi sveitarfélagi og í aðildarríkjunum þar sem þær hafnir eru staðsettar til að tryggja að upplýsingarnar varðandi úrgangsstjórnunarkerfið séu gerðar aðgengilegar notendum þessara hafna.

Aðildarríkin, þar sem slíkar hafnir eru staðsettar, skulu tilkynna heiti og staðsetningu þeirra hafna rafrænt í þann hluta upplýsinga-, eftirlits- og framfylgdarkerfisins sem um getur í 13. gr.

3. þáttur

Afhending úrgangs frá skipum

6. gr.

Fyrirframtilkynning um úrgang

1. Rekstraraðili, umboðsaðili eða skipstjóri skips, sem fellur undir gildissvið tilskipunar 2002/59/EB, sem stefnir til hafnar í Sambandinu skal útfylla af hreinskilni og nákvæmni eyðublaðið, sem um getur í 2. viðauka við þessa tilskipun („fyrirframtilkynning um úrgang“) og tilkynna yfirvaldinu eða aðilanum, sem aðildarríkið, þar sem höfnin er staðsett, tilnefnir í þessu skyni, um allar upplýsingarnar sem þar er að finna:

- a) a.m.k. 24 klukkustundum fyrir komu til hafnar ef viðkomuhöfnin er þekkt,
 - b) um leið og viðkomuhöfnin er þekkt, ef upplýsingar um það liggja fyrir innan 24 klukkustunda fyrir komu til hafnar, eða
 - c) í síðasta lagi við brottför frá fyrri höfn ef siglingin er skemmri en 24 klukkustundir.
2. Upplýsingarnar í fyrirframtilkynningunni um úrgang skulu tilkynntar rafrænt í þann hluta upplýsinga-, eftirlits- og framfylgdarkerfisins sem um getur í 13. gr. þessarar tilskipunar í samræmi við tilskipanir 2002/59/EB og 2010/65/ESB.
3. Upplýsingarnar í fyrirframtilkynningunni um úrgang skulu vera aðgengilegar um borð, helst á rafrænu formi, a.m.k. þar til komið er til næstu hafnar og skulu þær gerðar aðgengilegar að beiðni viðkomandi yfirvalda aðildarríkjanna.
4. Aðildarríkin skulu tryggja að upplýsingarnar, sem tilkynntar eru samkvæmt þessari grein, séu gaumgæfðar og þeim deilt með viðeigandi eftirlitsfyrirvöldum án tafar.

7. gr.

Afhending úrgangs frá skipum

1. Skipstjóri skips, sem hefur viðkomu í höfn í Sambandinu, skal, áður en látið er úr höfn, afhenda allan úrgang um borð til móttökuaðstöðu í höfninni í samræmi við viðeigandi reglur um losun sem mælt er fyrir um í MARPOL-samningnum.

2. Við afhendingu skal rekstraraðili móttökuaðstöðu í höfn eða yfirvald hafnarinnar, þar sem úrgangurinn var afhentur, útfylla af hreinskilni og nákvæmni eyðublaðið, sem um getur í 3. viðauka, („kvittun fyrir afhendingu úrgangs“) og gefa út og afhenda skipstjóra skipsins kvittunina án ótilhlýðilegrar tafar.

Kröfurnar, sem settar eru fram í fyrstu undirgreininni, skulu ekki gilda í litlum höfnum með ómannaðri aðstöðu eða í höfnum, sem eru á afviknum stöðum, að því tilskildu að aðildarríkið, þar sem slíkar hafnir eru staðsettar, hafi skráð rafrænt heiti og staðsetningu þeirra hafna í þann hluta upplýsinga-, eftirlits- og framfylgdarkerfisins sem um getur í 13. gr.

3. Rekstraraðili, umboðsaðili eða skipstjóri skips, sem fellur undir gildissvið tilskipunar 2002/59/EB, skal fyrir brottför, eða um leið og kvittun fyrir afhendingu úrgangs hefur verið móttekin, tilkynna upplýsingarnar, sem þar eru, rafrænt í þann hluta upplýsinga-, eftirlits- og framfylgdarkerfisins sem um getur í 13. gr. þessarar tilskipunar, í samræmi við tilskipanir 2002/59/EB og 2010/65/ESB.

Upplýsingarnar í kvittuninni fyrir afhendingu úrgangs skulu vera aðgengilegar um borð í skipinu í a.m.k. tvö ár, þar sem við á, ásamt viðeigandi olíudagbók, hleðsludagbók, sorpdagbók eða áætlun um meðferð sorps og skulu þær gerðar aðgengilegar að beiðni yfirvalda aðildarríkjanna.

4. Með fyrirvara um 1. mgr. er skipinu heimilt að halda áfram til næstu viðkomuhafnar án þess að afhenda úrganginn ef:
 - a) upplýsingarnar, sem veittar eru í samræmi við 2. og 3. viðauka, sýna að það er nægilegt sérhæft geymslurými fyrir allan úrganginn sem hefur safnast upp og kemur til með að safnast upp meðan á fyrirhugaðri siglingu skipsins stendur þar til komið er til næstu hafnar,
 - b) upplýsingarnar, sem eru aðgengilegar um borð í skipum sem falla utan gildissviðs tilskipunar 2002/59/EB, sýna að það er nægilegt sérhæft geymslurými fyrir allan úrganginn sem hefur safnast upp og kemur til með að safnast upp meðan á fyrirhugaðri siglingu skipsins stendur þar til komið er til næstu hafnar eða
 - c) skipið liggur aðeins við akkeri á akkerislægi skemur en 24 klukkustundir eða við óhagstæð veðurskilyrði, nema slíkt svæði hafi verið undanskilið í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 3. gr.

Til að tryggja samræmd skilyrði við framkvæmd undanþágunnar, sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar, skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir til að skilgreina aðferðirnar sem á að nota til að reikna út nægilegt sérhæft geymslurými. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 20. gr.

5. Aðildarríki skal krefjast þess að skipið afhendi allan úrgang sinn fyrir brottför ef:

a) ekki er hægt að staðfesta, byggt á fyrirliggjandi upplýsingum, þ.m.t. upplýsingum sem eru tiltækar á rafrænu formi í þeim hluta upplýsinga-, eftirlits- og framfylgdarkerfisins sem um getur í 13. gr. eða í GISIS-kerfinu, að fullnægjandi móttöku-aðstaða sé fyrir hendi í næstu viðkomuhöfn eða

b) næsta viðkomuhöfn er ekki þekkt.

6. Ákvæði 4. mgr. skulu gilda með fyrirvara um strangari kröfur fyrir skip sem eru samþykktar í samræmi við reglur þjóðaréttar.

8. gr.

Endurheimtakerfi kostnaðar

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að kostnaði við rekstur móttökuaðstöðu í höfnum fyrir móttöku og meðhöndlun úrgangs frá skipum, fyrir utan farmleifar, sé mætt með því að taka gjald af skipum. Þessi kostnaður tekur til þáttanna sem eru tilgreindir í 4. viðauka.

2. Endurheimtakerfi kostnaðar skal ekki fela í sér hvata fyrir skip til að losa úrgang á hafi úti. Í þessu skyni skulu aðildarríkin beita öllum eftirfarandi meginreglum við hönnun og starfrækslu endurheimtakerfa kostnaðar:

a) skip skulu greiða óbeint gjald, án tillits til afhendingar úrgangs til móttökuaðstöðu í höfnum,

b) óbeina gjaldið skal taka til:

i. óbeins stjórnsýslukostnaðar,

ii. verulegs hluta af beinum rekstrarkostnaði, eins og ákvarðað er í 4. viðauka, sem skal a.m.k. mæta 30% af beinum heildarkostnaði fyrir raunverulega afhendingu úrgangs á undangengnu ári, með þeim möguleika að taka einnig tillit til kostnaðar í tengslum við umferðarþunga skipa sem búist er við fyrir komandi ár,

c) til að veita hámarkshvata til afhendingar úrgangs sem fellur undir V. viðauka við MARPOL-samninginn, fyrir utan farmleifar, skal ekkert beint gjald vera innheimt fyrir slíkan úrgang til að tryggja rétt til afhendingar án nokkurra viðbótargjalda, sem byggjast á magni afhents úrgangs, nema þegar magn afhents úrgangs fer yfir sérhæft hámarksgeymslurými sem fram kemur á eyðublaðinu sem sett er fram í 2. viðauka við þessa tilskipun; úrgangur sem er fangaður af tilviljun skal falla undir þetta fyrirkomulag, þ.m.t. réttur til afhendingar,

d) til að koma í veg fyrir að kostnaðurinn af söfnun og meðhöndlun úrgangs, sem er fangaður af tilviljun, lendi eingöngu á notendum hafna skulu aðildarríkin bera, eftir því sem við á, þennan kostnað með tekjunum sem koma frá annars konar fjármögnunarkerfum, þ.m.t. frá úrgangsstjórnunarkerfum og ESB-sjóðum og frá lands- eða svæðisbundnum sjóðum sem standa til boða,

e) til að hvetja til afhendingar skolvatnsleifa úr tönkum, sem innihalda fljótandi efni með mikilli seigju, geta aðildarríkin kveðið á um viðeigandi fjárhagslega hvata fyrir afhendingu slíkra leifa,

f) óbeina gjaldið skal ekki ná yfir úrganginn frá hreinsikerfum fyrir útblástursloft þar sem kostnaðurinn skal greiddur á grundvelli tegunda og magns úrgangs sem er afhentur.

3. Sá hluti kostnaðarins sem óbeina gjaldið nær ekki yfir skal greiddur á grundvelli tegunda og magns þess úrgangs sem skipið kemur með.

4. Gjöldin geta verið mismunandi á grundvelli eftirfarandi:

- a) flokks, tegundar og stærðar skipsins,
- b) veitingar þjónustu til skipa fyrir utan hefðbundinn afgreiðslutíma hafnarinnar eða
- c) eðlis hættunnar sem stafar af úrganginum.

5. Lækka skal gjöldin á grundvelli eftirfarandi:

- a) tegundar siglinga, einkum ef skipið annast flutninga á stuttum sjóleiðum,
- b) hönnunar, búnaðar og reksturs skipsins sem sýnir að við siglingu skipsins falli til minna magn af úrgangi og að úrganginum sé stjórnað á sjálfbæran og umhverfisvænan hátt.

Eigi síðar en 28. júní 2020 skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir til að skilgreina viðmiðanir við að ganga úr skugga um hvort skip uppfylli kröfurnar, sem tilgreindar eru í b-lið fyrstu undirgreinar, með tilliti til úrgangsstjórnunar um borð í skipinu. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 20. gr.

6. Til að tryggja að gjöldin séu sanngjörn, gagnsæ, auðgreinanleg og án mismununar og að þau endurspegli kostnaðinn við aðstöðuna og þjónustuna, sem í boði er, og, eftir því sem við á, sem er notað skal fjárhæð gjaldanna og hvernig þau hafa verið reiknuð út gerð aðgengileg notendum hafna í áætluninni um móttöku og meðhöndlun úrgangs á opinberu tungumáli aðildarríkisins þar sem höfnin er staðsett og, ef við á, á tungumáli sem notað er á alþjóðavísu.

7. Aðildarríkin skulu tryggja að vöktunargögnum um umfang og magn úrgangs, sem er fangaður af tilviljun, sé safnað saman og framkvæmdarstjórninni tilkynnt um þau. Framkvæmdastjórnin skal, á grundvelli þeirra vöktunargagna, birta skýrslu eigi síðar en 31. desember 2022 og á tveggja ára fresti eftir það.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir til að ákvarða aðferðir fyrir vöktunargögn og snið fyrir skýrslugjöf. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 20. gr.

9. gr.

Undanþágur

1. Aðildarríkin geta veitt skipi, sem hefur viðkomu í höfnum þeirra, undanþágu frá skyldunum í 6. gr., 7. gr. (1. mgr.) og 8. gr. („undanþágan“) ef fyrir hendi eru nægileg gögn um að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) skipið sé í áætlunarsiglingum með tíðri og reglulegri viðkomu í höfn,
- b) fyrirkomulag sé fyrir hendi til að tryggja að úrgangurinn sé afhentur og að gjöldin séu greidd í höfnum á áætlunarleið skipsins sem:
 - i. er staðfest með undirrituðum samningi við höfn eða vertaka sem meðhöndlar úrgang og með kvittunum fyrir afhendingu úrgangs,
 - ii. hefur verið tilkynnt til allra hafna á áætlunarleið skipsins og
 - iii. hefur verið samþykkt af höfninni þar sem afhending og greiðsla fer fram sem getur verið höfn í Sambandinu eða önnur höfn þar sem, eins og staðfest hefur verið á grundvelli upplýsinganna sem tilkynntar eru rafrænt í þann hluta upplýsinga-, eftirlits- og framfylgdarkerfisins sem um getur í 13. gr. og í GISIS-kerfið, fullnægjandi aðstaða er fyrir hendi,
- c) undanþágan hafi ekki í för með sér neikvæð áhrif á siglingaöryggi, heilbrigði, aðbúnað eða vinnuskilyrði um borð eða sjávar-umhverfið.

2. Ef undanþágan er veitt skal aðildarríkið þar sem höfnin er staðsett gefa út undanþáguskírteini, sem byggist á sniðinu sem sett er fram í 5. viðauka, þar sem staðfest er að skipið uppfylli nauðsynleg skilyrði og kröfur fyrir beitingu undanþágunnar og þar sem fram kemur gildistími undanþágunnar.

3. Aðildarríkin skulu tilkynna upplýsingarnar í undanþáguskrteininu rafrænt í þann hluta upplýsinga-, eftirlits- og framfylgdarkerfisins sem um getur í 13. gr.
4. Aðildarríkin skulu tryggja að viðhaft sé skilvirkt eftirlit og framfylgd fyrirkomulagsins við afhendingu og greiðslu gjalda fyrir undanþegnu skipin sem hafa viðkomu í höfnum þeirra.
5. Þrátt fyrir veitta undanþágu skal skip ekki halda áfram til næstu viðkomuhafnar ef ekki er nægilegt sérhæft geymslurými fyrir allan úrganginn sem hefur safnast upp og kemur til með að safnast upp meðan á fyrirhugaðri siglingu skipsins stendur þar til komið er til næstu hafnar.

4. þáttur

Framfylgd

10. gr.

Skoðanir

Aðildarríkin skulu tryggja að öll skip geti sætt skoðun, þ.m.t. skyndiskoðun, til að sannprófa að þau uppfylli ákvæði þessarar tilskipunar.

11. gr.

Skoðunarskyldur

1. Hvert aðildarríki skal framkvæma skoðanir á skipum sem hafa viðkomu í höfnum þess sem samsvarar a.m.k. 15% af heildarfjölda einstakra skipa sem hafa viðkomu í höfn þess árlega.

Heildarfjöldi einstakra skipa, sem hefur viðkomu í höfn aðildarríkis, skal reiknaður út sem meðalfjöldi einstakra skipa undanfarin þrjú ár, eins og tilkynnt er fyrir milligöngu þess hluta upplýsinga-, eftirlits- og framfylgdarkerfisins sem um getur í 13. gr.

2. Aðildarríkin skulu uppfylla 1. mgr. þessarar greinar með því að velja skip á grundvelli áhættumiðaðrar tilhögunar við val í Sambandinu.

Til að tryggja samræmingu í skoðunum og kveða á um samræmd skilyrði fyrir val skipa til skoðunar skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir til að ákvarða ítarlega þætti í áhættumiðaðri tilhögun við val í Sambandinu. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 20. gr.

3. Aðildarríkin skulu setja verklagsreglur um skoðanir á skipum sem falla utan gildissviðs tilskipunar 2002/59/EB til að tryggja, eftir því sem unnt er, að farið sé að ákvæðum þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin setja þessar verklagsreglur er þeim heimilt að taka tillit til áhættumiðaðrar tilhögunar við val í Sambandinu sem um getur í 2. mgr.

4. Ef viðkomandi yfirvald í aðildarríkinu er ósátt við niðurstöður skoðunarinnar skal það, án þess að hafa áhrif á beitingu viðurlaganna sem um getur í 16. gr., tryggja að skipið sigli ekki úr höfn fyrr en það hefur afhent úrgang sinn til móttökuaðstöðu í höfn í samræmi við 7. gr.

12. gr.

Upplýsinga-, eftirlits- og framfylgdarkerfi

Auðvelda skal framkvæmd og framfylgd þessarar tilskipunar með rafrænni skýrslugjöf og upplýsingaskiptum milli aðildarríkja í samræmi við 13. og 14. gr.

13. gr.

Skýrslugjöf og upplýsingaskipti

1. Skýrslugjöf og upplýsingaskipti skulu byggjast á rafræna tilkynningakerfinu í Sambandinu um skipakomur („SafeSeaNet-kerfið“) sem um getur í 3. mgr. 22. gr. a og í III. viðauka við tilskipun 2002/59/EB.
2. Aðildarríkin skulu tryggja að eftirfarandi upplýsingar séu tilkynntar rafrænt og innan hæfilegs frests í samræmi við tilskipun 2010/65/ESB:
 - a) upplýsingarnar um raunverulegan komu- og brottfarartíma hvers skips, sem fellur undir gildissvið tilskipunar 2002/59/EB, sem kemur til hafnar í Sambandinu, ásamt auðkenni viðkomandi hafnar,
 - b) upplýsingarnar í fyrirframtilkynningunni um úrgang, eins og sett er fram í 2. viðauka,
 - c) upplýsingarnar í kvittuninni fyrir afhendingu úrgangs, eins og sett er fram í 3. viðauka,
 - d) upplýsingarnar í undanþáguskírteininu, eins og sett er fram í 5. viðauka.
3. Aðildarríkin skulu tryggja að upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í 2. mgr. 5. gr., séu gerðar tiltækar á rafrænu formi fyrir milligöngu SafeSeaNet-kerfisins.

14. gr.

Skráning skoðana

1. Framkvæmdastjórnin skal byggja upp, viðhalda og uppfæra skoðunargagnagrunninn sem öll aðildarríkin skulu vera tengd við og sem skal innihalda allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir framkvæmd skoðunarkerfisins sem kveðið er á um í þessari tilskipun („skoðunargagnagrunnurinn“). Skoðunargagnagrunnurinn skal byggjast á skoðunargagnagrunninum, sem um getur í 24. gr. tilskipunar 2009/16/EB, og skal hafa svipaða virkni og sá gagnagrunnur.
2. Aðildarríkin skulu tryggja að upplýsingarnar í tengslum við skoðanir samkvæmt þessari tilskipun, þ.m.t. upplýsingar um að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum ásamt útgefnum farbönum, séu færðar án tafar í skoðunargagnagrunninn um leið og:
 - a) skoðunarskýrslunni hefur verið lokið,
 - b) farbanni hefur verið aflétt eða
 - c) undanþága hefur verið veitt.
3. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að með skoðunargagnagrunninum sé mögulegt að sækja öll viðeigandi gögn, sem aðildarríkin hafa tilkynnt um, að því er varðar eftirlit með framkvæmd þessarar tilskipunar.

Framkvæmdastjórnin skal tryggja að skoðunargagnagrunnurinn veiti upplýsingar um áhættumiðaða tilhögun við val í Sambandinu sem um getur í 2. mgr. 11. gr.

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða reglulega skoðunargagnagrunninn til að hafa eftirlit með framkvæmd þessarar tilskipunar og vekja athygli á öllum vafaatriðum varðandi heildarframkvæmd með það að markmiði að hvetja til aðgerða til úrbóta.

4. Aðildarríkin skulu alltaf hafa aðgang að upplýsingunum sem skráðar eru í skoðunargagnagrunninn.

15. gr.

Þjálfun starfsfólks

Hafnaryfirvöld og yfirvöld móttökustöðva í höfnum skulu tryggja að allt starfsfólk fái nauðsynlega þjálfun til að öðlast nauðsynlega þekkingu til að sinna störfum sínum við meðhöndlun úrgangs, þar sem sérstök áhersla er lögð á heilbrigðis- og öryggisþætti varðandi meðhöndlun hættulegra efna, og að þjálfunarkröfur séu reglulega uppfærðar til að mæta áskorunum í tengslum við tækninýjungar.

16. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum landslaga, sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun, og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif.

5. þáttur

Lokaákvæði

17. gr.

Miðlun reynslu

Framkvæmdastjórnin skal sjá um að skipuleggja miðlun reynslu á milli landsbundinna yfirvalda aðildarríkjanna og sérfræðinga þeirra, þ.m.t. frá einkageiranum, borgaralegu samfélagi og stéttarfélögum, um beitingu þessarar tilskipunar í höfnum Sambandsins.

18. gr.

Málsmeðferð vegna breytinga

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 19. gr. til að breyta viðaukunum við þessa tilskipun og tilvísunum í gerninga Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar í þessari tilskipun, eftir því sem þurfa þykir til að færa þau til samræmis við lög Sambandsins eða til að taka tillit til þróunar á alþjóðavettvangi, einkum á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

2. Framkvæmdastjórninni er einnig falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 19. gr. til að breyta viðaukunum, þegar það er nauðsynlegt til að bæta fyrirkomulagið við framkvæmd og eftirlit sem komið er á fót með þessari tilskipun, einkum þeirra þátta sem kveðið er á um í 6., 7. og 9. gr., til að tryggja skilvirka tilkynningu og afhendingu úrgangs, ásamt réttri beitingu undanþága.

3. Í undantekningartilvikum, sem eru tilhlýðilega rökstudd með viðeigandi greiningu framkvæmdastjórnarinnar, og til að koma í veg fyrir alvarlega og óásættanlega hættu fyrir sjávarumhverfið er framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 19. gr., til að breyta þessari tilskipun, eftir því sem þurfa þykir, til að koma í veg fyrir slíka hættu, með það fyrir augum að beita ekki, að því er þessa tilskipun varðar, breytingu á MARPOL-samningnum.

4. Framseldu gerðirnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skulu samþykktar a.m.k. þremur mánuðum áður en fresturinn, sem ákveðinn var á alþjóðavettvangi fyrir þegjandi samþykki á breytingunni á MARPOL-samningnum, rennur út eða þann dag sem gera má ráð fyrir að sú breyting öðlist gildi.

Á tímabilinu fyrir gildistöku slíkra framseldra gerða skulu aðildarríkin hvorki hefja aðgerðir sem miða að því að fella breytinguna inn í eigin löggjöf né beita breytingunni gagnvart viðkomandi alþjóðlegum gerningi.

19. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. 18. gr., til fimm ára frá 27. júní 2019. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um valdaframsalið eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Valdaframsalið skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdaframsalið sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. 18. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal binda enda á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi neinna framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.
5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.
6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 1., 2. og 3. mgr. 18. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

20. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 ⁽²²⁾. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

21. gr.

Breytingar á tilskipun 2010/65/ESB

Í stað 4. liðar í A-lið viðaukans við tilskipun 2010/65/ESB kemur eftirfarandi:

„4. Tilkynning um úrgang frá skipum, þ.m.t. leifar.

Ákvæði 6., 7. og 9. gr. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/883 frá 17. apríl 2019 um móttökuaðstöðu í höfnum til afhendingar úrgangs frá skipum, um breytingu á tilskipun 2010/65/ESB og um niðurfellingu tilskipunar 2000/59/EB (Stjtið. ESB L 151, 7.6.2019, bls. 116).“

22. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 2000/59/EB er felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun.

23. gr.

Endurskoðun

1. Framkvæmdastjórnin skal meta þessa tilskipun og leggja niðurstöður matsins fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 28. júní 2026. Matið skal einnig fela í sér skýrslu þar sem lýst er ítarlega bestu forvörnum gegn myndun úrgangs og úrgangsstjórnunarvenjum um borð í skipum.
2. Í tengslum við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1625 ⁽²³⁾ skal framkvæmdastjórnin einnig meta, í næsta skipti sem umboð Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (EMSA) er tekið til endurskoðunar, hvort veita eigi Siglingaöryggisstofnun Evrópu frekari heimildir til að framfylgja þessari tilskipun.

⁽²²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 frá 5. nóvember 2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) og um breytingu á reglugerðum um siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum (Stjtið. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1).

⁽²³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1625 frá 14. september 2016 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1406/2002 um stofnun Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (Stjtið ESB L 251, 16.9.2016, bls. 77).

24. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 28. júní 2021. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

25. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

26. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 17. apríl 2019.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

A. TAJANI

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

G. CIAMBA

forseti.

I. VIÐAUKI

KRÖFUR VARÐANDI ÁÆTLANIR UM MÓTTÖKU OG MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS

Áætlanirnar um móttöku og meðhöndlun úrgangs skulu gilda fyrir allar tegundir úrgangs frá skipum, sem venjulega hafa viðkomu í höfninni, og skulu þróaðar samkvæmt stærð hafnarinnar og tegundum skipa sem hafa viðkomu í þeirri höfn.

Áætlanirnar um móttöku og meðhöndlun úrgangs skulu fela í sér eftirfarandi þætti:

- a) mat á þörf fyrir móttökuaðstöðu í höfnum í ljósi þjónustuþarfa skipa sem venjulega hafa viðkomu í höfninni,
- b) lýsingu á gerð og afkastagetu móttökuaðstöðu í höfnum,
- c) lýsingu á verklagsreglunum sem gilda um móttöku og söfnun úrgangs frá skipum,
- d) lýsingu á endurheimtakerfi kostnaðar,
- e) lýsingu á málsmæðferðarreglunni við skýrslugjöf um meinta annmarka á móttökuaðstöðu í höfnum,
- f) lýsingu á málsmæðferðarreglunni um stöðugt samráð við notendur hafna, verktaka sem meðhöndla úrgang, rekstraraðila enda-stöðva og aðra hagsmunaaðila og
- g) yfirlit yfir tegund og magn úrgangs sem móttækinn er frá skipum og meðhöndlaður í aðstöðunni.

Áætlanirnar um móttöku og meðhöndlun úrgangs gætu falið í sér:

- a) samantekt á viðeigandi landslögum og verklagsreglunum og formsatriðunum við afhendingu úrgangs til móttökuaðstöðu í höfnum,
- b) upplýsingar um tengilið í höfninni,
- c) lýsingu á formeðferðarbúnaði og -ferlum fyrir tiltekna úrgangsstrauma í höfninni, ef slíkt er fyrir hendi,
- d) lýsingu á aðferðum við skráningu raunverulegrar notkunar á móttökuaðstöðu í höfnum,
- e) lýsingu á aðferðum við skráningu á magni úrgangs sem tekið er á móti frá skipum,
- f) lýsingu á aðferðum við stjórnun mismunandi úrgangsstrauma í höfninni.

Verklagsreglur við móttöku, söfnun, geymslu, meðhöndlun og förgun ættu að öllu leyti að vera í samræmi við umhverfis-stjórnunarkerfi sem hentar vel til þess að draga smám saman úr umhverfisáhrifum slíkra aðgerða. Gert er ráð fyrir slíku samræmi ef verklagsreglurnar eru í samræmi við ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 ⁽¹⁾.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 frá 25. nóvember 2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 761/2001 og ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 2001/681/EB og 2006/193/EB (Stjtið. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 1).

2. VIÐAUKI

STAÐLAÐ SNIÐ EYÐUBLAÐS TIL AÐ TILKYNNNA FYRIR FRAM UM AFHENDINGU ÚRGANGS TIL MÓTTÖKUADSTÖÐU Í HÖFNUM

Tilkynning um afhendingu úrgangs til:
tilskipunar (ESB) 2019/883)

(færa skal inn heiti viðtökuhafnar, eins og um getur í 6. gr.

Þetta eyðublað ætti að vera um borð í skipinu ásamt viðeigandi olíudagbók, hleðsludagbók, sorpdagbók eða áætlun um meðferð sorps, eins og krafist er samkvæmt MARPOL-samningnum.

1. UPPLÝSINGAR UM SKIPID

1.1 Nafn skips:	1.5 Eigandi eða rekstraraðili:
1.2 IMO-númer:	1.6 Einkennisnúmer eða einkennisstafir:
	MMSI-númer (auðkennisnúmer strandarstöðvafjónustu):
1.3 Brúttótonnataka:	1.7 Fánaríki:
1.4 Tegund skips: <input type="checkbox"/> olíuflutningaskip <input type="checkbox"/> efnaflutningaskip <input type="checkbox"/> búlkaskip <input type="checkbox"/> gámaskip <input type="checkbox"/> önnur flutningaskip <input type="checkbox"/> farþegaskip <input type="checkbox"/> ekjuskip <input type="checkbox"/> annað (tilgreina skal nánar)	

2. UPPLÝSINGAR UM HAFNIR OG SIGLINGAR

2.1 Staður/heiti endastöðvar:	2.6 Síðasta höfn þar sem úrgangur var afhentur:
2.2 Komudagsetning og -tími:	2.7 Dagsetning síðustu afhendingar:
2.3 Brottfarardagsetning og -tími:	2.8 Næsta afhendingarhöfn:
2.4 Síðasta höfn og land:	2.9 Aðilinn sem leggur fram þetta eyðublað (ef annar en skipstjórinn):
2.5 Næsta höfn og land (ef þau eru þekkt):	

3. TEGUND OG MAGN ÚRGANGS OG GEYMSLURÝMI

Tegund	Úrgangur sem afhenda á (m ³)	Hámarks-geymslurými (m ³)	Magn úrgangs sem verður eftir um borð (m ³)	Höfnin þar sem afhenda á úrganginn sem verður eftir um borð	Áætlað magn úrgangs sem fellur til frá birtingu þessarar tilkynningar og þar til komið er til næstu hafnar (m ³)
I. viðauki við MARPOL-samninginn – olía					
Olíublandað kjölvatn					
Olíukenndar leifar (sori)					
Olíublandað skolvatn úr tönkum					
Óhrein sjókjölfesta					

Tegund	Úrgangur sem afhenda á (m ³)	Hámarks-geymslurými (m ³)	Magn úrgangs sem verður eftir um borð (m ³)	Höfnin þar sem afhenda á úrganginn sem verður eftir um borð	Áætlað magn úrgangs sem fellur til frá birtingu þessarar tilkynningar og þar til komið er til næstu hafnar (m ³)
Úrfellingar og sori úr hreinsun tanka					
Annað (tilgreina skal nánar)					
II. viðauki við MARPOL-samninginn – FLJÓTANDI EITUREFNI (NLS) ⁽¹⁾					
Efni í flokki X					
Efni í flokki Y					
Efni í flokki Z					
Önnur efni					
IV. viðauki við MARPOL-samninginn – skólp					
V. viðauki við MARPOL-samninginn – sorp					
A. Plast					
B. Matarúrgangur					
C. Heimilisúrgangur (t.d. pappírsvörur, tuskur, gler, málmar, flöskur, leirvörur o.s.frv.)					
D. Matarolía					
E. Aska úr brennsluofni					
F. Rekstrarúrgangur					
G. Dýrahæ					
H. Veiðarfæri					
I. Raf- og rafeindabúnaðarúrgangur					

⁽¹⁾ Tilgreina skal rétt sendingarheiti á fljótandi eiturfefnin sem um ræðir.

Tegund	Úrgangur sem afhenda á (m ³)	Hámarks-geymslurými (m ³)	Magn úrgangs sem verður eftir um borð (m ³)	Höfnin þar sem afhenda á úrganginn sem verður eftir um borð	Áætlað magn úrgangs sem fellur til frá birtingu þessarar tilkynningar og þar til komið er til næstu hafnar (m ³)
J. Farmleifar ⁽¹⁾ (skaðlegar sjávarumhverfinu)					
K. Farmleifar ⁽²⁾ (ekki skaðlegar sjávarumhverfinu)					
VI. viðauki við MARPOL-samninginn – loftmengun					
Ósoneyðandi efni og búnaður sem inniheldur slík efni ⁽³⁾					
Leifar frá hreinsun útblásturslofts					

Annar úrgangur sem fellur ekki undir MARPOL-samninginn					
Úrgangur sem er fangaður af tilviljun					

Athugasemdir

- Nota skal þessar upplýsingar vegna hafnaríkiseftirlits og annars eftirlits.
- Fylla á út þetta eyðublað nema því aðeins að skipið falli undir undanþágu í samræmi við 9. gr. tilskipunar (ESB) 2019/883.

⁽¹⁾ Um mat getur verið að ræða. Tilgreina skal rétt sendingarheiti á þurra farminn.

⁽²⁾ Um mat getur verið að ræða. Tilgreina skal rétt sendingarheiti á þurra farminn.

⁽³⁾ Sem myndast við venjulegar viðhaldsaðgerðir um borð.

3. VIÐAUKI

STAÐLAÐ SNIÐ KVITTUNAR FYRIR AFHENDINGU ÚRGANGS

Fulltrúinn, sem er tilnefndur fyrir veitanda móttökuaðstöðu í höfnum, skal útvega skipstjóra skips, sem hefur afhent úrgang í samræmi við 7. gr. tilskipunar (ESB) 2019/883, eftirfarandi eyðublað.

Þetta eyðublað skal vera um borð í skipinu ásamt viðeigandi oliudagbók, hleðsludagbók, sorpdagbók eða áætlun um meðferð sorps eins og krafist er samkvæmt MARPOL-samningnum.

1. UPPLÝSINGAR UM MÓTTÖKUADSTÖÐU Í HÖFNUM OG HAFNIR

1.1. Staður/heiti endastöðvar:	
1.2. Veitandi eða veitendur móttökuaðstöðu í höfnum:	
1.3. Veitandi eða veitendur meðhöndlunarstöðvar - ef hún er önnur en að framan:	
1.4. Dag- og tímasetning afhendingar úrgangs frá:	til:

2. UPPLÝSINGAR UM SKIPIÐ

2.1. Nafn skipsins:		2.5. Eigandi eða rekstraraðili:	
2.2. IMO-númer:		2.6. Einkennisnúmer eða einkennisstafir: MMSI-númer (auðkennissnúmer strandarstöðvaþjónustu):	
2.3. Brúttótonnatala:		2.7. Fánaríki:	
2.4. Tegund skips:	<input type="checkbox"/> olíuflutningaskip <input type="checkbox"/> efnaflutningaskip <input type="checkbox"/> búlkaskip <input type="checkbox"/> gámaskip <input type="checkbox"/> önnur flutninga- skip <input type="checkbox"/> farþegaskip <input type="checkbox"/> ekjuskip <input type="checkbox"/> Annað (tilgreina skal nánar)		

3. TEGUND OG MAGN ÚRGANGS SEM ER MÓTTEKINN

I. viðauki við MARPOL-samninginn – olía	Magn (m ³)	V. viðauki við MARPOL-samninginn – sorp	Magn (m ³)
Olíublandað kjölvatn		A. Plast	
Olíukenndar leifar (sori)		B. Matarúrgangur	
Olíublandað skolvatn úr tönkum		C. Heimilisúrgangur (t.d. pappírsvörur, tuskur, gler, málmar, flöskur, leirvörur o.s.frv.)	
Óhrein sjókjölfesta		D. Olía til matargerðar	
Úrfellingar og sori úr hreinsun tanka		E. Aska úr brennsluofni	
Annað (tilgreina skal nánar)		F. Rekstrarúrgangur	
II. viðauki við MARPOL-samninginn – FLJÓTANDI EITUREFNI (NLS)	Magn (m ³)/heiti (¹)	G. Dýrahæ	
Efni í flokki X		H. veiðarfæri	

Efni í flokki Y		I. Raf- og rafeindabúnaðarúrgangur	
		J. Farmleifar (²) (skaðlegar sjávarumhverfinu)	
		K. Farmleifar (²) (ekki skaðlegar sjávarumhverfinu)	
		VI. viðauki við MARPOL-samninginn – loftmengun	Magn (m ³)
Efni í flokki Z		Ósoneyðandi efni og búnaður sem inniheldur slík efni	
Annað efni		Leifar frá hreinsun útblásturslofts	
IV. viðauki við MARPOL-samninginn – skólp	Magn (m ³)	Annar úrgangur sem fellur ekki undir MARPOL-samninginn	Magn (m ³)
		Úrgangur sem er fangaður af tilviljun	

(¹) Tilgreina skal rétt sendingarheiti á fljótandi eiturefnin sem um ræðir.

(²) Tilgreina skal rétt sendingarheiti á þurra farminn.

4. VIÐAUKI

FLOKKAR KOSTNAÐAR OG HREINS HAGNAÐAR Í TENGLUM VIÐ REKSTUR OG STJÓRNUN MÓTTÖKUADSTÖÐU Í HÖFNUM

Beinn kostnaður	Óbeinn kostnaður	Hreinn hagnaður
Beinn rekstrarkostnaður sem verður til vegna raunverulegrar afhendingar úrgangs frá skipum, þ.m.t. kostnaðarliðirnir sem taldir eru upp hér á eftir.	Óbeinn stjórnsýslukostnaður sem verður til vegna stjórnunar kerfisins í höfninni, þ.m.t. kostnaðarliðirnir sem taldir eru upp hér á eftir.	Hreinn ágóði af úrgangsstjórnunar-kerfum og lands-/svæðisbundnum sjóðum sem standa til boða, þ.m.t. tekjuþættirnir sem taldir eru upp hér á eftir.
<ul style="list-style-type: none"> — Veiting grunnvirkja fyrir móttökuadstöðu í höfnum, þ.m.t. gámar, tankar, vinnslutæki, prammar, vörubifreiðar, móttaka úrgangs, meðhöndlunarstöðvar, — leyfi vegna staðarleigu, ef við á, eða fyrir leigu búnaðar sem er nauðsynlegur fyrir rekstur móttökuadstöðu í höfnum, — raunverulegur rekstur móttökuadstöðu í höfnum: söfnun úrgangs frá skipinu, flutningur úrgangs frá móttökuadstöðu í höfnum fyrir loka-meðhöndlunina, viðhald og hreinsun móttökuadstöðu í höfnum, kostnaður vegna starfsfólks, þ.m.t. yfirvinna, afhending raforku, greining á úrgangi og tryggingar, — undirbúningur fyrir endurnotkun, endurvinnslu eða förgun úrgangs frá skipum, þ.m.t. sérstök söfnun úrgangs, — stjórnsýsla: gerð reikninga, útgáfa kvittana fyrir afhendingu úrgangs fyrir skipið, skýrslugjöf. 	<ul style="list-style-type: none"> — Þróun og samþykkt áætlunarinnar um móttöku og meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. allar endurskoðanir á þeirri áætlun og framkvæmd hennar, — uppfærsla áætlunarinnar um móttöku og meðhöndlun, þ.m.t. launa- og ráðgjafarkostnaður, eftir atvikum, — skipulagning samráðsferlisins fyrir (endur)matið á áætluninni um móttöku og meðhöndlun, — stjórnun tilkynningar- og endurheimtukerfis kostnaðar, þ.m.t. lækkun gjalda á „græn skip“, veiting upplýsingateknikerfa í höfnum, tölfræðileg greining og tilheyrandi launakostnaður, — skipulagning reglna um opinber innkaup fyrir veitingu móttökuadstöðu í höfnum auk útgáfu nauðsynlegra leyfa fyrir veitingu móttökuadstöðu í höfnum, — tilkynning upplýsinga til notenda hafna með dreifibréfum, uppsetningu skilta og veggspjalda á hafnar-svæðinu eða birtingu upplýsinganna á vefsetri hafnarinnar, og með raf-rænni sendingu upplýsinganna eins og krafist er í 5. gr. — stjórnun úrgangsstjórnunarkerfa: kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda, endurvinnsla og umsókn um og framkvæmd lands-/svæðisbundinna sjóða, — annar stjórnsýslukostnaður: kostnaður við vöktun og rafræna skýrslugjöf að því er varðar undanþágurnar sem krafist er í 9. gr. 	<ul style="list-style-type: none"> — Hreinn fjárhagslegur ávinningur sem kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda veita, — annar hreinn hagnaður af stjórnun úrgangs eins og endurvinnslukerfa, — fjármögnun samkvæmt Sjávarútvegssjóði Evrópu (EMFF), — önnur fjármögnun eða styrkir sem eru aðgengilegir fyrir hafnir að því er varðar úrgangsstjórnun og fiskveiðar.

5. VIÐAUKI

UNDANÞÁGUSKÍRTEINI SKV. 9. GR. Í TENGLUM VIÐ KRÖFURNAR SKV. 6. GR, 7. GR. (1. MGR.) OG 8. GR. TILSKIPUNAR (ESB) 2019/883 Í HÖFN EÐA HÖFNUM [TILGREINA SKAL HÖFN] Í [TILGREINA SKAL AÐILDARRÍKI] ⁽¹⁾

Nafn skips	Einkennisnúmer eða einkennisstafir	Fánaríki
[tilgreina skal nafn skipsins]	[tilgreina skal IMO-númer]	[tilgreina skal heiti fánaríkisins]

er í áætlunarsiglingum með tíðri og reglulegri viðkomu í höfn í eftirfarandi höfn eða höfnum í [tilgreina skal heiti aðildarríkisins] samkvæmt áætlun eða fyrirframákveðinni áætlunarleið:

[]

og hefur viðkomu í þessum höfnum a.m.k. einu sinni á tveggja vikna fresti:

[]

og hefur gert ráðstöfun til að tryggja greiðslu gjalda og afhendingu úrgangs til hafnarinnar eða þriðja aðila í höfninni:

[]

og er því undanþegið, í samræmi við [tilgreina skal viðeigandi ákvæði í löggjöf landsins], [úr kröfunum um:

- ☐ skylduafhendingu úrgangs frá skipum,
- ☐ fyrirframtilkynningu um úrgang og
- ☐ greiðslu skyldubundins gjalds í eftirfarandi höfn eða höfnum:]

Þetta vottorð gildir til [tilgreina skal dagsetningu], nema grundvöllurinn til að gefa út vottorðið hafi breyst fyrir þá dagsetningu.

Staður og dagsetning

.....
Nafn
Titill

⁽¹⁾ Strika skal yfir það sem ekki á við.